



# Áveitan

5. tbl. 14. árgangur. Maí 2020

## Æfingar hefjast að nýju

Þjóttandaæfingar eru komnar aftur í gang eftir að breytingar urðu á samkomubanni. Nú mega börn á grunnskólaaldri stunda nám og tómstundir óhindrað, þó enn sé samkomuhald hámarkað við 50 manns.

Æfingatímarnir eru óbreyttir fram að skólalokum og verða þessir út maí:

7.-10. bekkur, mánudagar kl 16-17:30 í Þingborg.

4.-6. bekkur, miðvikudagar kl. 14:30-16 í Þingborg.

1.-3. bekkur, föstudagar kl 12:10-14 við Flóaskóla.

Allar æfingar verða úti í maí þannig að allir verða að vera klæddir eftir veðri.

Í byrjun júní verður svo leikjanámskeið fyrir 1. –6. bekk, og í framhaldi af því er stefnt að boltanámskeiði fyrir 3.-6. bekk. Kennarar verða Örvar Rafn og Unnur. Þetta verður auglýst nánar síðar, sem og annað sumarstarf hjá Þjóttanda.

Um páskana hófst útivistarverkefnið okkar „Sá ég spóa“. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og fjölmargir hafa skrifað í gestabækurnar nú þegar. Inni í blaðinu eru leiðalýsingar á staðina sex í verkefninu í ár. Verkefnið verður í gangi fram eftir sumri.



Stjórnin

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Það er gaman að segja frá því að Vegagerðin hefur ákveðið að leggja fjármagn í lagningu slitlags í fyrsta áfanga Hamarsvegur. Fyrir það ber að þakka og það er sannarlega framfaraspor og eykur lífsgæði allra þeirra sem við veginn búa og annarra sem fara um veginn. Verkið hefur verið boðið út og ákvörðun tekin um að fyrirtækið Borgarverk sjái um framkvæmdir.

Vorið er kærkomið eftir langan og að mörgu leyti strangan vetur. Störfin í sveitinni litast af árstíðum og á vorin er lagður grunnur að tekjuöflun búsins með sáningu, sauðburðaramstri, ræktun akra og túna og áburðargjöf til þess að tryggja betri uppskeru. Miklu skiptir að það takist allt sem best, alúð sé í hverju handtaki og að veðurguðir séu hliðhollir til þess að sem bestur árangur náist. Það þarf að vera passlega hlýtt, passlega rakt og það má ekki vera of hvasst. Allt þetta skiptir máli fyrir uppskeru og afurðir bænda sem skila tekjum til búrekstrarins ýmist á uppskerutímanum eða jafnt og þétt eftir eðli rekstrarins. Miklu skiptir að vera alltaf undir það búinn að uppskera sé ekki alltaf í hámarki og að eiga borð fyrir báru þegar illa árar. Þetta þekkja eldri bændur og kenna þeim yngri. Þannig þurfa þeir sem bera ábyrgð á rekstri að hugsa, hvort sem er heimila og fyrirtækja, sveitarfélaga eða ríkiskassans. Þá erum við betur í stakk búin til þess að minnka áhrif af sveiflum í rekstri.

Staða fjárhags í Flóahreppi ber þess merki að hér hefur varkárni og hófsemi í fjármálum verið höfð að leiðarljósi. Það á eftir að auðvelda viðspyrnu og leiðina upp brekkuna sem við erum í núna vegna Covid-19. Það verður tekjusamdráttur, mörg sveitarfélög og fyrirtæki standa frammi fyrir því að taka erfiðar ákvarðanir.

Starfsemi sveitarfélagsins hefur á undanförunum vikum tekið mið af því að við erum á „neyðarstigi almannavarna.“ Í þessari stöðu er mikilvægt að allir séu samstíga og vil ég nota tækifærið og þakka starfsmönnum Flóahrepps og íbúum öllum fyrir ábyrga framgöngu og yfirvegum. Rétt er hér að **leiðrétta** misskilning sem varð milli sveitarstjóra og oddvita um hringingur til allra

sem eru 67 ára og eldri. Það rétta er að aðeins var hringt til þeirra sem vitað var að byggju einir. *Bedist er velvirðingar á þessu og leiðréttist hér með.* Fundir hafa verið haldnir vikulega með viðbragðsþeymi í Flóahreppi og skólastjórnendum. Við höfum einnig átt fundi með nágrannasveitarfélögum á Suðurlandi og með þingmönnum Suðurlands til þess að halda þeim upplýstum um stöðuna hjá okkur hvert og eitt og þann vanda sem sveitarfélög og fyrirtæki á Suðurlandi eru að glíma við. Þessum upplýsingum er safnað saman og stjórnvöld vinna úr þeim.

Fulltrúar Flóahrepps hafa upplýst þingmenn Suðurlands um vanda atvinnurekenda í sveitarfélaginu en líka látið koma skýrt fram að Flóahreppur hefur ennþá ekki sagt upp einum einasta starfsmanni vegna Covid -19, er enn að styðja fjölskyldur í vanda og það fjölgar í þeim hópi. Ennþá hafa verktakar við vatnsveitu, í snjómokstri og í skólaakstri sín verkefni. Við vitum hins vegar af samdrætti í tekjum og höfum komið á framfæri áhyggjum af því að tekjustofnar okkar munu rýrna. Skatttekjur munu lækka, framlög Jöfnunarsjóðs verða skert af sömu ástæðu og seinkun verður á greiðslum frá fasteignaeigendum sem glíma nú við erfiðleika í rekstri. Í sumar eru áætlaðar framkvæmdir við Flóaskóla varðandi breytingar á kyndingu sem spara okkur útgjöld til framtíðar, við áætlum framkvæmdir í vatnsveitu sem styrkir frekar innviði með tilliti til þéttingar byggðar og uppbyggingar á skipulögðum svæðum innan sveitarfélagsins og ætlum að undirbúa endurskoðun á skipulagi vegna frekari uppbyggingar á Þingborgarsvæði. Þetta mun skapa verktökum og fleiri aðilum atvinnu bæði á þessu ári og til framtíðar. Við höfum ítrekað skyldu ríkisins um að standa skil á greiðslum vegna samninga um styrki vegna lagningar á ljósleiðarakerfi Flóaljóss sem hefur orðið dráttur á að klára vegna mannabreytinga hjá Fjaraskiptasjóði.

Í kjölfar Covid-19 liggur fyrir að nokkur fyrirtæki í sveitarfélaginu búa við algert tekjufall og það er ekki séð fyrir endann á því ennþá. Á vegum ríkisins eru margvíslegar leiðir skoðaðar og reynt að mæta þeim sem eru í rekstarerfiðleikum. Hlutverk sveitarfélaganna verður áfram að sinna nærþjónustu og reynir á þau mörg hver vegna samdráttar í þeim tekjustofnum sem ætlað er að bera uppi nærþjónustu við íbúa. Mikilvægt er í stöðunni, þegar takmarkanir á samkomum minnka að gera sér grein fyrir því hvað ferðaðþjónustufyrirtækin í Flóahreppi eru vel staðsett á landsvísu og að markvisst hefur verið unnið að umhverfismálum á undanförunum árum bæði á heimilum og í stofnunum sveitarfélagsins. Sveitarfélögin á Suðurlandi fjármagna ráðgjafa og styrkjakerfi SASS og ákveðið hefur verið að þar fari fram aukaúthlutun á styrkjum sem sérstaklega er ætlað að koma til móts við atvinnurekendur á samdráttartíma. Ráðgjöf og stuðningur við breytingar á kynningarefni standa þessum fyrirtækum einnig til boða. Þó að lítið verði um ferðalög milli landa í sumar þá eru margir Íslendingar sem hugsa sér að skoða

landið sitt á þessu ári. Í staðsetningu Flóahrepps og áherslum í umhverfismálum liggja sóknarfæri ferðaþjónustunnar núna og í því að ná góðu samtali við matvælaframleiðendur á svæðinu um kynningu á hreinleika matvörunnar og sjálfbæru samfélagi. Sagan okkar er auðug af áhugaverðu efni og við eigum einstök söfn sem bjóða upp áhugaverðar sýningar.

Ungmennafélagið Þjótandi hefur haft forgöngu um skemmtilega útivistarverkefnið „Sá ég spóa“ sem vakið hefur athygli margra sem hafa notað frídaga til þess að kíkja á áfangastaðina sem bjóðast í ár. Menningarnefnd Flóahrepps undirbýr tónleikaröðina Tónahátíð í Flóahreppi í haust og verður spennandi að sjá hvaða listamenn verða fyrir valinu hjá þeim.

Höldum öllu þessu góða á lofti, tökum ekki þátt í neikvæðni eða niðurrifi, verum áfram bjartsýn, glöð og gestrisin, þá er gott að sækja okkur heim. Þannig erum við líka betur í stakk búin til þess að glíma við öll verkefni lífsins.

### **Vinnuskólinn**

Vinnuskólinn hefst 8. júní og honum lýkur 24. júlí. Gert er ráð fyrir að hver og einn nemandi sem var í 8.– 10. bekk og á lögheimili í Flóahreppi fái vinnu í 6 vikur frá mánudegi - fimmtudags en ein vikan verði frívika í samráði við flokkstjóra. Nemendur úr 7. bekk fá vinnu í 2 vikur í samráði við flokksstjóra. Þá verður einnig í boði vinnutengt úrræði í samráði við verkefnisstjóra í málaflokki fatlaðra á Suðurlandi fyrir íbúa í Flóahreppi 16 – 18 ára. Flokkstjórar í vinnuskólanum verða þær Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Andrea Björk Olgeirsdóttir og Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir.

**Umsóknareyðublöð vegna vinnuskólans eru á heimasíðu Flóahrepps og þarf að skila þeim á skrifstofu Flóahrepp fyrir 20. maí. Athugið að umsóknareyðublöð þurfa að vera undirrituð af foreldri eða forráðamanni eða send úr netfangi foreldris.**

### **Umhverfissuðurland – Vorhreinsun**

Flóahreppur vill vera í fararbroddi í umhverfismálum og gámar vegna vorhreinsunar verða í boði eins og undanfarin ár dagana 18.–25. maí. Sömu daga er einnig hægt að fá gáma heim á bæi til sérstakra átaksverkefna ef um það mikið magn er að ræða að það fylli heila gáma.

Athugið að krafa er gerð um vandaða flokkun í umhverfisátakinu og eftirlit verður með flokkun í gáma á grenndarstöðvum. **Staðsetning grenndarstöðva verður ákveðin síðar og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Ef ekki er rétt flokkað í gámana verða þeir fjarlægðir án frekari viðvarana.**

Nánari upplýsingar og pantanir á gámum fyrir járn og timbur heim á bæi eru í gegnum skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á [gudrun@floahreppur.is](mailto:gudrun@floahreppur.is).

Innheimtur verður raunkostnaður fyrir gáma ef flokkun er ófullnægjandi. Móttökustöð Íslenska Gámafélagsins og flokkunarsvæði í Hrísmýri er opin frá klukkan 13:00 – 17:00 alla virka daga. Lokað á laugardögum og sunnudögum. Samningur Flóahrepps tryggir íbúum í Flóahreppi aðgang að móttökustöðinni og greiðir Flóahreppur kostnað fyrir losun frá þeim.

## Fjör í Flóa

Sveitahátíðinni „Fjör í Flóa“ hefur af óviðráðanlegum orsökum verið frestað fram í maí 2021.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

---

*Hér á eftir er grein eftir Valdimar Guðjónsson í Gaulverjabæ um sjóbúðalíf og vertíðir í Flóa. Tveir pistlar um efnið hafa birst á vefmiðlum nýlega, og fékk ritstjórn góðfúslegt leyfi höfundar til að birta þann fyrri hér:*

## Ótíð, brætur, baráttan við Ægi og pestir

Í endalausri ótíð, brælum og gæftaleysi (á gamlan mælikvarða) nú í vetur-hef ég stundum hugsað til þeirra sem stunduðu á vetrarvertíð sjóróðra frá Loftsstöðum, Tunguós og Baugsstöðum. Páll Guðmundsson á Baugsstöðum segir (bókaflokkurinn Suðri 1970); ... „það var ekki fyrir neinn undirmálsmann að vera formaður á þessum brimsundum. Það þurfti stundum snilli til að skjótast milli skers og báru.“

Fá sjóslys urðu hér frá söndunum gegnum aldirnar og þótti það til merkis um klóka og útsjónarsama formenn (skipstjóra). En afli var oft drjúgur, stutt á miðin.

Lýsingar Einars Guðnasonar starfandi skipstjóra (Jón á Hofi ÁR sem býr í Brandshúsahverfi) um fiskigengd nú á þessum slóðum, virðast sambærilegar við þessi gullaldarár. Til eru sögur um 24 skip sem réru samtímis frá Loftsstöðum. Þar stóð útgerð 30–40 ár í mestum blóma. Það hefur verið líf og fjör, þá jafnvel 150–200 karlmenn við róðra á þessum slóðum á sama tíma. Flest voru skipin „átróin með níu manna áhöfn“.

Er frægt máltæki upprunnið í Flóahreppi?

Páll segir frá þekktum förumönnum sem voru á ferð á hverjum vetri. Einn af þeim var Bréfa-Runki. Skaftfellingur fæddur 1830. Fór víða og m.a. með bréf og önnur skilaboð milli verstöðva. „Internet“ þeirra tíma til að fá fréttir. „Vomurnar voru verstar“, segir Páll, sbr. sögnin að vomast yfir einhverju. Hér getur orðið stórbrim í besta veðri (líkt og við þekkjum Bæhreppingar) sundin fyrir opnu hafí, og jafnvel landlegur af þeim sökum svo dögum

skipti. Við þannig aðstæður birtist Rúnki eitt sinn. Var strax spurður fiskifrétta af sjómönnum í landi.

„Þeir fiska sem róa“, svaraði hann um hæl. Lúmskt skot á karlana að róa ekki. Varð það haft fyrir máltæki síðan, sagði Páll. En afli á land varð samt oft ágætur í samanburði við aðrar verstöðvar. Kom sér þá að stutt var á miðin og mest komust kappsamir menn, fimm sinnum á sjó sama daginn! Þrjú til fjögur skipti algengt.

Nú á tímum Covid 19 pestar sem skekur heiminn, er merkilegt að Páll minnst á „influenсуvertíðina 1894“. Þá voru ógæftir og brælur „fram um marzlok.“ Þá... „kom influensan sem lagði flesta í rúmið. Lítið sem ekkert hægt að róa fyrir mannleysi“ (loksins þegar gaf). Þessi flensa var skæð um allt land og lýsing á einkennum pestarinnar í annálum virðast ótrúlega líkar og í dag. Börnin sluppu að mestu en fólk í eldri kantinum varð veikast. Þessi vetur virðist nánast „kópi peist“ núverandi ástands 2020.

Árið 1895 seint í mars, komust Þykkvæingar ekki til baka í land. „Brimaði snögglega“, og lending ómöguleg. Freistuðu þeir þess að fara vestur yfir Þjórsárós. Tvö stór skip 30 menn alls, yngsti 15 ára og elsti 80 ára. Komu að Loftsstaðasundi undir kvöld. Ekki var skárri í sjóinn þar. Eldur var kveiktur á Loftsstaðahól. Vissu þeir þá að tekið var eftir þeim. Enn var stórbrim næsta morgun, en skipin tvö sáu fyrir utan. Gísli Jónsson á Eystri Loftsstöðum og Jón sonur hans freistuðu þess þá að róa út til þeirra. Þeir sögðust ekki geta skipað neinum að koma með, svo illt var útlit. En allir buðust til og gátu þeir valið úr þeirra öflugustu mönnum með árina. Biðu lengi eftir sjólagi, og Jón stýrði. Komust loks út fyrir brimgarð í hvissandi ölduróti. „Þeir náðu mönnunum og röðuðu þeim endilöngum niður í skipið eins og fiskur væri...“ Komust þeir í land. Var þá mál manna að aldrei hefði verið farið um Loftsstaðasund í öðru eins brimi. Enn herti vind og sjó. Sást ekkert eftir af bátum þeirra daginn eftir.

Páll segir að eftir 1900 hafi fiskgegnd farið að minnka, sérstaklega ýsan. Ástæðan m.a. sú að bresku togararnir voru komnir alveg hér upp undir fjöru og toguðu þar á bestu miðunum. Eftir þetta fækkaði skipum mjög, en útræði hélt áfram í litlu mæli.

Valdimar Guðjónsson

## **Frá Villingaholts– og Hraungerðiskirkjum**

Öllu messuhaldi um hvítasunnu er aflýst vegna samkomubanns. Fermingum hefur verið frestað þar til í ágúst, og verða þær auglýstar síðar.

Sóknarnefndirnar

## Skrifstofa Flóahrepps -

Opin frá kl 9:00 - 16:00

mán - fim. Fös 9:00 - 13:00

### Sveitarstjóri

Eydís Þ. Indriðadóttir  
eydis@floahreppur.is  
[480 4370/ 846 1695](tel:48043708461695)

### Ritari og vefumsjón

Guðrún Elísa Gunnarsdóttir  
[gudrun@floahreppur.is](mailto:gudrun@floahreppur.is)  
480 4370

[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

### Bókari og launafulltrúi

Hafðís Júlía Hannesdóttir  
480 4370 [hafdis@floahreppur.is](mailto:hafdis@floahreppur.is)

### Oddviti

Árni Eiríksson  
860 9135  
[arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is)

### Flóaskóli

Sími: 486 3460  
Skólastjóri:  
Gunnlaug Hartmannsdóttir  
[gunnlaug@floaskoli.is](mailto:gunnlaug@floaskoli.is)

### Krakkaborg

Sími: 480 0151  
Leikskólastjóri  
Guðbjörg Hólm Porkelsdóttir  
[guggaholm@floahreppur.is](mailto:guggaholm@floahreppur.is)

### Hreinlætismál

#### Íslenska Gámafélagið

Hrísmýri Selfossi  
Sími: 482 3371  
[igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

Opið mánudaga - föstudaga  
kl. 13.00 - 18:00

Laugardaga kl. 13:00 - 16:00

### Heilsuefling

#### Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15  
Sími: 480 1960  
Opið mánudaga - föstudaga  
Kl. 06:30 - 21:30  
Laugardaga og sunnudaga  
Kl. 09:00 - 19:00

### Heilsuefling

#### Sundlaug Stokkseyrar

Stjörnusteinar 1a  
Sími: 480 3260  
Vetraropnun: mán - fös 16:30  
20:30, lau og sun 10.00 - 17:00  
Sumaropnun: mán. - fös. 16:30 -  
21:00, lau og sun kl. 10:00 - 15:00

### Skipulags- og byggingarmál

Dalbraut 12 Laugarvatni Sími: 480 5550  
Opið alla virka daga frá klukkan 9:00 - 12:00 og 13:00 - 14:00

### Þjónustufulltrúi seyru

Áslaug Alda Þórarinsdóttir  
Sími: 832-5105  
[netfang:aslaugalda@fludir.is](mailto:netfang:aslaugalda@fludir.is)

### Skipulagsfulltrúi

Vígfús Þór Hróbjartsson  
[vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is)

Viðtalstímar: mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga  
klukkan 9:00 - 11:30

### Byggingarfulltrúi

Davíð Sigurðsson  
[david@utu.is](mailto:david@utu.is)

Skrifstofa UTU er opin til klukkan 15:00 frá september - maí

## Pistillinn

Gleðilegt sumar kærur sveitungar!

Ég vil byrja á að þakka elsku nágrannakonu minni Ingunni í Hallanda fyrir að hafa skorað á mig með jákvæðum og góðum pistli.

Við erum á miklum óvissutímum þessa dagana og margt sem við erum að læra, vonandi komumst við út úr þessu verkefni sem betri einstaklingar, því svo lengi lærir sem lifir.

Það sem ég ætla að skrifa um í þessum pistli er mín óvissuferð sem hófst í desember 2018.

Óvissuferðir tengdi ég áður við eitthvað spennandi og skemmtilegt. Ferðin mín hefur undirbúið mig ágætlega undir það ástand sem við búum við í dag. Óvissuferðin mín heitir „Krabbameinsmeðferð“ ferð sem mér var úthlutað án upplýsinga um hvað ég ætti að taka með. Við Pollyanna settum niður í töskuna, húmor, gleði, bjartsýni og jákvæðni, en ómetanlegir stuðningsaðilar í svona ferð er stórfjölskyldan og vinir.

Þegar hér var komið var ég svo heppin að vera búin að ákveða ferð með systur minni til Minneapolis sem var bæði yndisleg og uppbyggjandi og góð leið til að fylla á ferðatöskuna, enda við systur góðar í að búa til skemmtilegar minningar.

Næsta stopp var Landspítalinn þar skildi ég meinið eftir og fékk að kynnast dásamlegu umönnunarteymi spítalans sem stendur í svo ströngu dag frá degi og eru okkar hetjur í dag. Aðgerðin gekk að mestu vel en nokkrum vikum seinna fékk ég að vita að ég þyrfti lyfjameðferð og geisla, svo það var nokkuð búið að auka við óvissuna.

Ferðalagið var þarna rétt á byrjunarreit. Ég var nokkuð heppin, það voru svo margir í kringum mig sem vildu halda á ferðatöskunni minni og hjálpa mér að fylla á hana þegar tæmdist. Mikið var gott að fá hringingu frá fjölskyldu og vinum sem kirtu í kaffi og teymdu mig í göngutúr. Mikilvægi fjölskyldu og vina sýndi sig, eins og við finnum líka fyrir í dag þegar við megum ekki knúsast og hittast að vild.

Nú var komið að lyfjameðferð, þar var ég svo heppin að þær heimsóknir þurftu ekki að vera margar og ég gat skotist á Selfoss í þær. Þar kynntist ég líka hversu frábært og dýrmætt heilbrigðisstarfsfólkið okkar er og hvað hér er gott bakland. Í þessum hluta ferðalagsins voru rússibanaferðir heilsufarsins tíðar og þá var ekki alltaf gott að muna eftir því sem var í töskunni góðu, en allt leið þetta hjá.

Geisladeild LSH tók næst á móti mér og var ég í Reykjavík í 3 vikur alla virka daga. Þar fyllti ég á töskuna með kaffihúsarölti eins og hver annar túristi auk þess að efla tengsl við fjölskyldu og vini.

Viku eftir að eiginlegri meðferð lauk fór ég í aðlögun í vinnuna og var mér vel tekið, enda svo heppin að vinna með yndislegu fólki, sem ég var farin að sakna



og vildi komast sem fyrst í rútínu aftur enda búin í allri meðferð. Það reyndist ekki hin besta hugmynd. Eftir nokkra mánuði í að blekkja mig og aðra neyddist ég til að játa mig sigraða þegar ferðataskan var næstum tóm, ég hafði ekki gefið sjálfri mér tækifæri á endurhæfingu. Taskan góða hafði ekki farið í sóttkví og því hafði komist óværa í hana sem þurfti að vinna á. Það hefur verið verkefnið mitt undanfarna mánuði og er ekki nærri lokið. Ég hef þó fengið ómetanlega leiðsögn frá Krabbameinsfélaginu (bæði í heimabyggð og Reykjavík), Ljósínu og Reykjalundi. Ég er ekki ein í ferðalaginu og hef hitt gott fólk sem er í álíka ferð og ég. Jafningjastuðningur hefur ótrúlegan lækningamátt og mikilvægt að ræða við þá sem hafa gengið í gegnum svipað ferli.

Á þessum Covid tímum hefur samveran með fjölskyldu og þeirra stuðningur verið hvað mikilvægastur. Ég hef notið þess að hafa börnin mín heima að læra og leika sér og eiginmanninn í fjarvinnu heimavið. Þá finnur maður hversu heppinn maður er og á notalegt heimilislíf. Góðir nágrannar/vinir sem hægt var að hitta í rétttri fjarlægð hafa einnig verið mikill stuðningur og gefið góðar minningar um þessa skrýtnu tíma.

Mikilvægt er að tala opinskátt um erfiða reynslu og með því að skrifa þennan pistil hef ég sóttþreinsað töskuna, minnkað óværuna og bætt í hana bjartsýni og gleði, sem ég vona að smitist yfir til ykkar sem lesið. Það er von mín að þessi pistill geti jafnvel hjálpað þeim sem er í svipaðri ferð.

Að lokum vil ég skora á elsku vinkonu mína Veroniku Narfadóttur í Túni að skrifa næsta pistil.

Ég óska ykkur gleðilegra sumardaga með sól í sinni og hjarta.

Helga Sigurðardóttir  
Stóra-Ármóti 2

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

### Kæru félagar,

Undanfarnar vikur hafa verið öðruvísi hjá flestum okkar og vonumst við til að allir hafi átt góða daga og unað hag sínum eins og best verður á kosið.

Stjórn hefur ákveðið að stefna að öllu óbreyttu að vofundi 11. júní, endilega takið daginn frá. Staðsetning verður auglýst síðar.

Gleðilegt sumar og takk fyrir gott vetrarstarf, kveðja, stjórnin.

## Fréttir af skólastarfi



Eins og við öll vitum og höfum fundið fyrir þá erum við að upplifa ansi merkilega tíma. Við lifum við skorður á daglegu lífi og þar er skólastarfið ekki undanskilið. Um miðjan mars var nemendum og starfsfólki skipt upp í tvo hópa og hafa þeir mætt til skiptis í skólann. Almennar sóttvarnir hafa skipað stóran sess í lífi okkar og til að gæta fyllstu varúðar og til að lágmarka smithættu var hver nemendahópur á sínu svæði og dregið úr blöndun eins og kostur var. Þessar aðstæður hafa kallað á breytta kennsluhætti og endurskoðun verkefna en það má með sannri segja að allir hafa lagst á eitt og hjálpast að. Til að lágmarka smithættu hefur verið tekið upp það verklag í mötuneytinu að nemendur koma í minni hópum í einu og matur er skammtaður á diska auk þess koma nemendur nú með nesti með sér í skólann í stað þess að fá niðursneidda ávexti. Ýmsar breytingar hafa orðið á dagskránni hjá okkur og er t.d. enn óljóst hvort keppnin í Skólahreysti fari fram nú í maí en keppnislíð Flóaskóla hefur haldið sér í æfingu til að geta tekið þátt ef til þess kemur. Fyrirhugaðri fræðsluferð fyrir starfsmenn Flóahrepps sem vera átti eftir hádegi 15. maí hefur verið frestað og verður skólalald með eðlilegum hætti þann dag.

Það er ljóst að ekki náum við að vinna öll verkefni með nemendum eins og lagt var upp með í upphafi skólaárs og verða einhver að bíða til næsta skólaárs. En við lítum björtum augum á tímann sem við eigum eftir fram að sumarfríi og leggjum áherslu á að nemendum líði vel í skólanum og njóti samverunnar. Við ljúkum skólaárinu með úti- og grenndarnámi þar sem farið verður í styttri vettvangsferðir með áherslu á nýtingu á náttúru- og leiksvæða í nærumhverfi skólans. Vorskólavika verður með hefðbundnu sniði og hlökkum við til að taka á móti væntanlegum nemendum og kynna betur fyrir þeim skólann okkar. Dagskrá vorskólavíkkunnar byggist á íþróttum, sundi, list- og verkgreinum, auk þess sem nemendur fá þjálfun í að koma í mötuneytið og ferðast til og frá skóla með skólabílum. Foreldrar fá einnig kynningu á skólanum en verður það væntanlega í fjarfundi þetta árið þar sem ekki er heimilt að halda viðburði sem krefjast þátttöku foreldra. Nemendur í 10. bekk hafa safnað fyrir skólaferðalagi og er það von okkar að sú dagskrá haldist óbreytt.

Skólaslit verða 4. júní en án aðkomu foreldra. Við lögum okkur að breyttum aðstæðum og gerum daginn eftirminnilegan fyrir börnin og bregðum á leik. Nánari upplýsingar um skólaslit verða send forráðamönnum þegar nær dregur.

Á tímum sem þessum gerum við okkur grein fyrir mikilvægi félagslegra samskipta og erum við öll farin að sakna vina og félaga sem við hittum dagsdaglega áður en samkomubannið skall á. Við horfum þó björtum augum fram á veginn og bíðum með ofvæni eftir mánudeginum 4. maí því þá hefst hefðbundið skólastarf að nýju.

Gleðilegt sumar, með kveðju frá starfsfólki Flóaskóla

# Uppskriftarhornið

Í tilefni þess hvað Helgi Björns er búinn að vera skemmtilegur og hans gestir undanfarin laugardagskvöld í beinni "í stofunni hjá Helga", og hann alltaf með heita rétti í ofninum (bakatil), þá ætla ég að gauka að ykkur einum slíkum rétti.

## Lúxus Helgi Björns- aspabrauð ca fyrir 6

5 brauðsneiðar  
3 msk jómfrúarolía  
salt, pipar og krydd að eigin vali (t.d hvítlaukssalt eða sífrónupipar).

4 egg  
1 peli rjómi  
100 ml vökvi af niðursoðnum aspas  
1 dós af aspas  
3 skinkusneiðar  
15 sneiðar salami  
1/2 rauð paprika  
1/2 rauður chili  
salt og pipar  
handfylli af ljúffengum Vasterbottenosti



### Aðferð

Smyrja eldfast mót með olíu og salta og pipra. Krydda svo að vild. Skera skorpuna af brauðinu og raða í mótið.

Hræra saman egg, rjóma og aspaspökva. Skera skinku og salami í bita og raða ofan á brauðið ásamt aspas, niðurskorinni papriku og chili.

Hella eggjablöndunni yfir og fylla vel af osti.  
Baka í 180 gráða heitum ofni í 30-45 mínútur eða þangað til osturinn er gullinbrúnn..

Svo er bara að bera sig vel og njóta með Helga Björns.

Að lokum skora ég á Sólveigu vinkonu mína á Skúfslæk að birta eitthvað af hennar metnaðarfullu uppskriftum.

Góðar stundir  
Valgerður Gestsdóttir, Mjósyndi.

# Sá ég spóa suð'ri Flóa 2020

Ungmennafélagið Þjótandi siglir af stað með sitt árlega útvistarverkefni "Sá ég spóa" sem heppnast hefur svo vel síðustu ár.

Eins og áður eru það sex staðir sem kynntir eru til leiks. Á hverjum stað er póstkassi af einhverju tagi, og í honum gestabók sem fólk skrifar nafnið sitt í, heimilisfangið má gjarnan fylgja líka. Þeir sem skrifa í fimm bækur eða fleiri lenda í potti og geta hlotið útdráttarverðlaun í haust þegar verkefninu líkur.

Staðirnir í ár eru sumir kunnuglegir en aðrir nýir, allir henta þó vel til útvistar og náttúruskoðunar.

Við leggjum að sjálfsögðu mikið upp úr sóttvörnum, sóttthreinsibrúsi er í hverjum póstkassa, og fólk getur haft með sín eigin skriffæri ef það vill.

Góða skemmtun!  
Stjórn Umf. Þjótanda

## Gönguleið nr. 1

### Klofsteinn á Rútsstöðum -Gengið til messu í álfakirkju?

Afleggjarinn er merktur Rútsstöðum austanmegin við Gaulverjabæjarveg, mitt á milli afleggjarana að Hraunholti og Hófgerði. Þar er ristahlið með hliðgrind, og þar er bílnum lagt. Á svæðinu geta verið margar skepnur og er fólk beðið að loka vel hliðinu á eftir sér.

Þegar maður stendur við ristahliðið og horfir í átt að Súluholti þá sér maður steininn blasa við, mjög áberandi hægramegin við bæjarstæðið í ca. 600m fjarlægð.

Það er ekki einhver ein rétt leið að steininum, hægt er að taka bara beina stefnu í þúfunum og um að gera er að skoða hraunhólana sem eru á leiðinni. Einnig er hægt að ganga eftir afleggjaranum ca. 200m. Þar er stór hraunhóll upp við veginn sem er einnig áhugavert að skoða því í honum er gjóta. Frá þessum hól (í norður) er tætt braut sem liggur áleiðis að Klofsteini. Við Klofstein er póstkassinn.

Rútsstaðahverfið hefur verið í eyði í yfir hálfa öld og þar eru mjög litlar mannvistarleifar. Ásgrímur Jónsson listmálari (f. 1876) var frá Rútsstöðum en hann var fyrstur Íslendinga til að lifa af listmálun. Ein af þekktustu þjóðsagnamyndum Ásgríms er lítil vatnslitamynd, Álfakirkjan, frá árinu 1905. Eins og gengur hefur fólk velt fyrir sér hver fyrirmyndin sé, en enginn botn komist í málið. Uppi er þó kenning um að fyrirmynd Ásgríms í verkinu sé einmitt Klofsteinninn á Rútsstöðum, en hann þykir á margan hátt bera einkenni kirkjunnar í myndinni. Í póstkassanum við Klofstein er blaðagrein úr Morgunblaðinu sem birtist um málið fyrir um ári síðan.



## Gönguleið nr. 2

### Skagás -Leitið og þér munið finna

Skógræktin í Skagás er austan við Villingaholtsveg, rétt við afleggjarann að Lyngholti og Ástúni.

Þátttakendur geta metið það eftir tíðafari og gönguþreki hvort heppilegra sé að leggja við veginn eða keyra slóðann að skógræktinni. Við mælum þó með að ganga alla leið.

Gengið er til hægri af vegslóðanum fyrir neðan skóginn og gengið meðfram honum nokkur skref. Farið er inn í skóginn milli tveggja fura sem hafa verið klipptar til (sjá mynd) en búið er að grisja skóginn töluvert svo auðvelt er að ganga um hann.

Póstkassinn er endurnýttur að öllu leyti en hann er gömul plastfata hengd upp í trjágrein með baggabandi. Fólk leitar að kassanum þar til hann finnst.

Mjög gaman er að ganga um skóginn, og upplagt er að hafa með sér nesti og stoppa vel áður en gengið er til baka.



Skógræktarfélag Villingaholtshrepps var stofnað 8. apríl 1951. Félagið fékk afnot af skika við Skagás, úr landi Breiðholts og var fullplantað í svæðið árið 1957. Eftir að hafa legið í dvala í einhvern tíma var Skógræktarfélagið endurvakið árið 1987 og hefur verið starfandi síðan. Árið 1998 var svæðið stækkað úr 1,2 ha í 4,4 ha og hefur nú verið plantað í nánast allt

## Gönguleið nr. 3

### Háaleiti milli Uppsala og Sölvholts

Beygt er til suðurs út af Þjóðvegi 1 og keyrt heim á hlað á Uppsölum. Bílnum lagt við íbúðarhúsið á Uppsölum (þar býr enginn þessa dagana).

Genginn er vegslóði til suðvesturs, framhá litlum skógræktarreit og upp á holt sem kallað er Háaleiti. Þar efst uppi liggja jarðamörk Uppsala og Sölvholts og þar er gott útsýni til allra átta.

Leiðin upp á hæðina er um 600m löng og á Háaleitinu má finna póstkassa á staur.



## Gönguleið nr. 4

### Urriðafoss -í friði fyrir ferðamönnum...

Fjórði staðurinn í ár er Urriðafoss, vatnsmesti foss landsins. Okkur fannst tilvalið að nota tækifærið úr því ferðamenn á landinu eru fáir þessa dagana, og fólk ætti því að geta skoðað fossinn og notið umhverfisins í rólegheitum.

Beygt er af Urriðafossveginum rétt fyrir neðan bæjarstæðið, staðurinn er mjög vel merktur. Upplýsingaskilti eru á staðnum og góðir göngustígar.

Póstkassinn er gamall örbylgjuofn sem staðsettur er ekki langt frá fossinum.



## Gönguleið nr. 5

### Knarrarósviti

Við bregðum okkur rétt útfyrir hreppamörkin og keyrum vestur yfir brúna yfir Baugstaðáá sem er hjá Rjómabúinu.

Við vestari enda brúarinnar er vegur inn á lítið bílplan. Við planið er fróðlegt og skemmtilegt upplýsingaskilti um vitann. Gönguleiðin að vitanum er afgirt og því nokkuð augljóst hvert skal haldið.

Frá vitanum er einnig afgirt gönguleið niður í fjöru sem stórskemmtilegt er að leika sér í. Þar er einnig að finna póstkassa og gestabók.

Árið 1938 hófst vinna við að byggja upp Knarrarósvita og var hann tekinn í gagnið ári síðar eða 31. ágúst 1939. Þjónaði hann gríðarlega miklu hlutverki fyrir sjávarútveginn á þessum tíma því innsiglingarnar voru hættulegar á þessu svæði. Mörg skip hafa farist á þessum slóðum.

Knarrarósviti er 26 metrar að hæð, falletgur og rammbbyggður. Útsýnið úr honum er einstaklega falletgur og mikið. Var hann með 6000 kerti sem er meðal stærð á vita á þessum tíma sem hann var byggður. Hönnun vitans er áhugaverð blanda af fúnkis og art nouveau stíl. (Texti af vefsíðunni ferdalag.is)



## Gönguleið nr. 6

### Flóðgáttin - gönguferð á bökkum Hvítár

Við gerum okkur ferð í efstu byggðir Flóahrepps, skoðum merkileg mannvirki og njótum náttúrufrægurðar.

Beygt er til norðurs af Þjóðvegi 1 og í átt að

Brúnastöðum. Keyrt er sem leið liggur fram hjá

Miklholtshelli og Ölvisholti. Þá er komið að greinilegu skilti til hægri sem á stendur FLÓÐGÁTT. Ekinn er braut meðfram áveituskurðinum og í gegnum þrjú hlið. Munið að loka hliðunum þar sem þar eru hross á ferð.

Við Flóðgáttina er lítið bílastæði sem hægt er að leggja. Upplýsingaskilti eru á staðnum þar sem hægt er að fræðast um Flóaáveituna.

Ganga skal göturnar til austurs um fallett svæði meðfram Hvítá. Póstkassinn sem er gamall örbylgjuofn er staðsettur í um 400m fjarlægð frá Gáttinni, sunnan megin við göturnar. Við mælum með því að fólk rölti lengra og njóti útsýnisins sem Hvítá hefur upp á að bjóða. Kannski sjáið þið líka eitthvað spennandi í Grímsnesinu.



## Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps 2020

Hér má sjá tækjalista ársins 2020. Munið að skila tækjunum strax eftir notkun hreinum og smurðum. Bændur eru hvattir til að leigja tæki óháð félagsaðild eins og undanfarin ár.

Jarðræktarkveðjur frá stjórn.

### Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929:

Flaghefill	1.600 kr/dag
Staurabor	3.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt
Sturtuvagn	10.000 kr/dag
Loftunarherfi	2.100 kr/klst
Múgvendir	1.300 kr/klst

### Tæki í umsjón Kristins í Kolsholti, s. 869-7625

Sáðvél ný	3.000 kr/ha
Pinnatætari	3.500 kr/ha
Valtari	2.400 kr/ha
4skera vendiplógur	4.000 kr/ha

### Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604

Hnífatætari	2.100 kr/klst
Haugsuga minni	20.000 kr/dag
Haugsuga stærri	25.000 kr/dag
Plógur 5skera	4.000 kr/ha
Hagasláttuvél	2.400 kr/klst
Steypuhrærivél	6.200 kr/dag



## Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps 2020

Plógur 5 skeri	4.100, - ha
Hnífatætari	4.500, - ha
Valtari	2.400, - ha
Sáðvél	3.200, - ha
Sáðvél (gras)	2.400, - ha
Úðadæla	1.900, - ha
Fjaðraherfi	3.500,- ha
Grjótrakstrar og tínsluvél	12.000 pr. klst
(fyrir utanfélagsmenn	15.000 pr. klst.)
Skeljasandsdreifari	1.000, - pr.tonn
Flaghefill	1000, - á dag
Málningarsprauta	3000, - á dag
Flaghefill á grind	frítt
Snitttæki	frítt

Tæki eru í umsjón Gísla á Stóru-Reykjum S: 899-4017.  
Tækjum skal skila strax eftir notkun hreinum og smurðum.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

